

## **Leiðbeinandi reglur um endurgreiðslur iðgjalda til erlendra ríkisborgara.**

Í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða segir svo í 19. grein 3. mgr.:

*“Heimilt er að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara þegar þeir flytjast úr landi enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að. Óheimilt er að takmarka endurgreiðsluna við tiltekinn hluta iðgjaldsins nema á tryggingafræðilega réttum forsendum.”*

Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur í samráði við Landssamtök lífeyrissjóða mótað meðfylgjandi leiðbeinandi reglur um endurgreiðslur til erlendra ríkisborgara.

Reglurnar eru tiltölulega einfaldar.

**1) Ef iðgjaldagreiðslutíminn er ekki nægjanlegur (oftast undir þremur árum), þannig að réttur til framreiknings vegna örorkulífeyris, hefur ekki stofnast, skal endurgreiða viðkomandi erlendum ríkisborgara allt iðgjaldið (oftast 10% iðgjald) með verðtryggingu en án vaxta.**

**2) Ef réttur hefur hins vegar stofnast til framreiknings örorku, þar sem iðgjaldagreiðslutíminn er nægjanlegur (oftast meira en þrjú ár), skal endurgreiðsluhlutfallið miðast við meðfylgjandi töflu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, þar sem aldur hins erlenda ríkisborgara við endurgreiðsluna skiptir megin máli. Endurgreiða skal með verðtryggingu en án vaxta.**

Ef um er að ræða umtalsverð lífeyrisréttindi, t.d. iðgjöld vegna lengri tíma en 5 ár, er eðlilegt að fá álit tryggingafræðings á hinum tryggingafræðilegu forsendum endurgreiðslunnar.

**Tafla um endurgreiðsluhlutfall vegna iðgjalda þegar réttur til framreiknings örorkulífeyris hefur stofnast:**

<b>Aldur við endurgreiðslu</b>	<b>Endurgreiðsluhlutfall</b>
<b>-29</b>	<b>100%</b>
<b>30 – 34</b>	<b>95%</b>
<b>35 – 39</b>	<b>90%</b>
<b>40 – 44</b>	<b>85%</b>
<b>45 – 49</b>	<b>80%</b>
<b>50 – 59</b>	<b>75%</b>
<b>60 – 64</b>	<b>80%</b>
<b>65 -</b>	<b>85%</b>

Lagt er til að lífeyrissjóðurinn taki hóflegt afgreiðslugjald vegna endurgreiðslunnar.

Greiða ber staðgreiðsluskatt af endurgreiðslunni.

Í lífeyrissjóði sem réttindi eru reiknuð í stigum má nota eftirfarandi aðferð:

- I. Stig þau ár sem ekki hefur verið réttur til framreiknings örorkulífeyris veita rétt til endurgreiðslu án frádráttar vegna tryggingaráhættu (oftast fyrstu þrjú ár sem starfað er).
- II. Stig sem áunnist hafa eftir þann tíma eru margfölduð með viðeigandi stuðli.

Samtala stiganna úr I og II er síðan margfölduð með grundvallarlaunum sjóðsins á útborgunardegi og iðgjaldahlutfalli (oftast 10%) og er það endurgreiðslufjárhæðin. Frá dregst síðan afgreiðslugjald sjóðsins.

Ekki er heimilt að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara innan Evrópska efnahags-svæðisins (EES). Það byggir á gagnkvæmu samkomulagi aðildarríkja samningsins um beitingu almannatryggingarreglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkjana. Samkvæmt VI. viðauka við EES samninginn fellur skyldutrygging lífeyrisréttinda undir almannatryggingarkerfið.

**Eftirtalin lönd eru innan EES:**

**EFTA-löndin: Ísland, Lichtenstein og Noregur**

**ESB-löndin: Bretland, Frakkland, Þýskaland, Svíþjóð, Finnland, Spánn, Portúgal, Ítalía, Danmörk, Holland, Belgía, Luxemborg, Grikkland, Írland, Austurríki, Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Tékkland, Slóvakía, Ungverjaland, Slóvenía, Malta og Kýpur (grískumælandi hlutinn).**

Að lokum skal tekið fram að ákvæði 19. gr. laga nr. 129/1997 um endurgreiðslur til erlendra ríkisborgara eru heimildarákvæði fyrir lífeyrissjóðina, en ekki skylda.

Ef eitthvað er óljóst varðandi meðfylgjandi leiðbeinandi reglur um endurgreiðslur iðgjalda til erlendra ríkisborgara, vinsamlegast hafið samband við Landssamtök lífeyrissjóða.